

Ársskýrsla flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands sem háð var þ. 12.3.2016 í húsnæði ÍSÍ í Laugardal, Reykjavík.

Aths. Tölur í sviga í þessari ársskýrslu eru tölur fyrra árs.

Ágæta kraftlyftingafólk,

Velkomin til sjötta ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik innan vébanda Íþróttá –og Ólympíusambands Íslands þann 15. apríl 2010.

Á árinu sem var að líða gerðust eins og undanfarin ár margir góðir hlutir í íslenskum kraftlyftingum og fátt var það sem fór miður. Félögum og iðkendum hélt áfram að fjölga, við fengum aukna umfjöllun í fjölmiðlum, tókum virkan þátt í erlendu samstarfi og keppnum og innviðir styrktust t.d. með fjölgun dómara, setningu nýrra reglugerða, endurskoðun eldri osfrv. Hlutfall kvenna og yngri aldurflokka er ótrúlega hátt. Konur eru nú rúmlega þriðjungur af iðkendum sem skráðir eru í Felix og iðulega yfir 40% af þátttakendum á mótum. Á árinu 2016 munu fleiri konur en karlar keppa fyrir Íslands hönd á erlendum kraftlyftingamótum.

Afrek ársins

Í heildina fengum 10(6) gull, 9(8) silfur og 4(12) brons, samtals 23(26) peninga á átta alþjóðlegum mótum á árinu 2015. Mótum eins og þau gerast sterkust í greininni í heiminum.

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum 2015

Gullverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, -120 kg flokki drengja.

Silfurverðlaun: Daníel Geir Einarsson, Breiðablik, +120 kg flokki unglunga

4.sæti: Sindri Freyr Arnarson, Massi, -74 kg flokki unglunga

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum 2015

Gullverðlaun: Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -74 kg unglunga

Bronsverðlaun: Matthildur Óskarsdóttir, Gróttá, í -72 kg flokki stúlkna

Evrópumót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum 2015

Gullverðlaun: Þorbergur Guðmundsson, KDH, í +120 kg flokki unglunga

4.sæti: Viktor Samúelsson, KFA, í -120 kg flokki unglunga

4.sæti: Arnhildur Anna Árnadóttir, Gróttá, í -72 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í bekkpressu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, í +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, í +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í bekkpressu: Viktor Samúelsson, KFA, í -120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í hnébeygju: Þorbergur Guðmundsson, KDH, í +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í réttstöðulyftu: Þorbergur Guðmundsson, KDH, í +120 kg flokki unglunga

Evrópumót í kraftlyftingum 2015

4.sæti: Helgi Guðmundsdóttir, LFH, í -63 flokki kvenna

5.sæti: María Guðsteinsdóttir, Ármann, -72 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum 2015

6.sæti: Elín Melgar Aðalheiðardóttir, Grótta, -63 kg flokki unglunga

7.sæti: Matthildur Óskarsdóttir, Grótta, -72 kg flokki stúlkna

Silfurverðlaun í bekkpressu: Elin Melgar Aðalheiðardóttir, Grótta, -63 kg flokki unglunga

Evrópumeistaramót í bekkpressu 2015

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Grótta, -63 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót unglunga í bekkpressu 2015

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Grótta, -63,0 kg flokki unglunga

4.sæti: Viktor Ben Gestsson, Breiðablik, +120 kg flokki unglunga.

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum 2015

Gullverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, -120 kg flokki drengja

Bronsverðlaun: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglunga

4.sæti: Þorbergur Guðmundsson, KDH, +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í hnébeygju: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í réttstöðulyftu: Þorbergur Guðmundsson, KDH, +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í bekkpressu: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í bekkpressu: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, -120 kg flokki drengja

Silfurverðlaun í hnébeygju: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, -120 kg flokki drengja

Bronsverðlaun í bekkpressu: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum 2015

7.sæti: Helga Guðmundsdóttir, LFH, -63 kg flokki kvenna

8.sæti: María Guðsteinsdóttir, Ármann, -72 kg flokki kvenna

Alþjóðamet:

Fanney Hauksdóttir tvíbætti heimsmet unglunga í bekkpressu -63 kg flokki á árinu.

Fanney Hauksdóttir setti Norðurlandamet unglunga í klassískri bekkpressu í -63 flokki.

Fríða Björk Einarsdóttir setti Norðurlandamet stúlkna í hnébeygju í -84 kg flokki

Fríða Björk Einarsdóttir setti Norðurlandamet stúlkna samanlagt í -84 kg flokki

Þorbergur Guðmundsson setti Norðurlandamet unglunga í klassískri réttstöðulyftu í +120 kg

Viktor Samúelsson setti Norðurlandamet unglunga samanlagt í -120 kg flokki

Júlían setti heimsmet í klassískri réttstöðulyftu 342,5 kg. í +120 kg. flokki unglunga

Fjöldi meta var settur á innanlandsmótum. Lið Kraftlyftingadeildar Gróttu var stigahæst á árinu í kvennaflokkum og Grótta varð því kraftlyftingafélag ársins í kvennaflokki. Kraftlyftingafélag Akureyrar varð kraftlyftingafélag ársins í karlaflokki.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélög 19 talsins og fjölgaði þeim um eitt á árinu, Kraftlyftingadeild Umgmennafélags Bolungarvíkur. Lyftingafélag Kópavogs hefur nú skilað inn öllum gögnum og hefur stjórn staðfest það félag sem fullgildan aðila að KRAFT. Starfsemin er misgróskumikil í félögunum en heilt yfir góð eins og sjá má á fjölda iðkenda í Felix svo og fjölda þátttakenda í mótum innanlans og utan.

Ég vil enn á ný hvetja félög til að sækja um vottun sem fyrirmyndarfélög. Nú eru fimm kraftlyftingafélög í þeim hópi og bættist eitt við á árinu 2015 Kraftlyftingadeild Gróttu. Það er ekki til fyrirmyndar að aðeins 5 félög af 19 séu með vottun af þessu tagi. Ég hvet því enn á ný þau félög sem ekki eru nú þegar með vottun að hefja umsóknarferlið.

Alls eru nú skráðir 1346 (1152) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Eins og áður hefur komið fram grunaði engan að fjöldi iðkenda myndi verða slíkur sem skráningin í Felix ber vitni um. Ég vil enn á ný hrósa forráðamönnum félaganna fyrir gott framlag á þessu sviði. Eins og áður hefur komið fram þá er skráningin mikið hagsmunamál fyrir okkur öll. Innan ÍSÍ er litið til þessarar skráningar sem mælikvarða þegar styrkjum, lottótekjum ofl. er úthlutað.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Sigurjón Pétursson formaður

Sturla Ólafsson varaformaður

Gry Ek Gunnarsson ritari

Kári Rafn Karlsson gjaldkeri

Ása Ólafsdóttir meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir þeir Einar Már Ríkharðsson, Árdís Ósk Steinarsdóttir og Jón Sævar Bryjólfsson.

Stjórnin hélt 10 (7) bókaða stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu 2015. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrlega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. Það er því ljóst að stjórnarmenn leggja fram gríðarlega mikinn sjálfsboðinn tíma. Eins og áður hefur komið fram í ársskýrslu er GSM og bensínkostnaður stjórnarmanna verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera enn eitt frábært ár með frábærri áhöfn.

Hlutverk KRAFT og grunnildi

Þegar litið er yfir farinn veg og til framtíðar á tímamótum sem þessum þykir mér rétt að rifja upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Þannig má betur meta árangur og móta stefnu til framtíðar. Í lögum sambandsins segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt

- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingabjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og keppendum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar og framkvæmd þeirra séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir alla aðila að KRAFT hvort sem það eru félög, iðkendur, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn eða aðrir sem eru innan vébanda aðildarféлага KRAFT.

Enn fremur þykir mér rétt að rifja upp hver eru grundvallargildin en þau eru:

Siðferði, drengskapur og heiðarleiki

Heilbrigði

Afburða árangur

Skapgerð og menntun

Gleði og ánægja

Samvinna

Ástundun og skuldbinding

Virðing fyrir lögum og reglum

Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum

Hugrekki

Samkennd og samstaða

Höfum ofangreind gildi ávallt í huga og heiðri. Höfum þau að leiðarljósi í öllum okkar samskiptum við hvort annað og þá sérstaklega þegar eitthvað bjátar á eða við erum ekki sammála þá stundina.

Mótamál

Mótanefnd starfaði undir forystu Júlíans J.K. Jóhannssonar. Mótaskrá 2016 hefur verið birt á heimasíðu KRAFT. Mörg mót eru haldin bæði innanlands og erlendis og liggur töluverð vinna í því að samhæfa mótaskrána með allt þetta í huga. Á árinu 2015 hafa verið haldin mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót. Stjórn KRAFT hefur mótað þá stefnu að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum stjórnarstörfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir.

KRAFT hefur verið þátttakandi í Reykjavík International Games (RIG) íþróttahátíðinni sem fram fer í janúar ár hvert. Hingað til hefur framlag okkar verið okkar árlega bekkpressumót. Nú í janúar héldum við hins vegar riggja greina klassískt kraftlyftingamót með boðskeppenda sniði. Mótahaldið var í samvinnu við Lyftingasamband Íslands og var sjónvarpað frá öllu mótinu í samþjöppuðu formi. Mótið er á mótaskrá IPF. Mótahald tókst mjög vel. Erlendir keppendur og dómara komu til landsins í tilefni mótsins m.a. forseti IPF Hr. Gaston Parage. Einnig kom til landsins á okkar vegur í tengslum við RIG sænskur fyrirlesari Dr. Michael Tonkonogi prófessor í íþróttalífisfræði við Dalarna-háskólann í Svíþjóð. Gry Ek vann gríðarlegt starf við undirbúning og framkvæmd mótsins á hún miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Á mótaskrá sambandsins árið 2015 eru samtals 26 mót. Þar af 11 innanlandsmót. Ellefu innanlandsmót á mótaskrá KRAFT er ekki nóg. Félögin eru mismunandi dugleg við að halda mót. Mótahald eflir liðsandann og setur ný, hærri og markvissari markmið fyrir keppendur bæði við þjálfun og undirbúning svo og í mótaþátttökunni sjálfri. Ég vil því hvetja öll félög til að auka mótahald sitt. Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar.

Agamál og aganefnd

Á árinu ári 2014 samþykkti stjórn KRAFT reglugerð um aganefnd og skipaði í nefndina í kjölfarið. Anna Sigríður Árnadóttir var kjörin formaður nefndarinnar. Ekkert mál kom til nefndarinnar á árinu 2015.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Heimasíða sambandsins hélt áfram að gegna sínu lykilhlutverki. Eins og áður hefur komið fram er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek Gunnarsson og María Guðsteinsdóttir hafa séð um vefinn og enn á ný lyft grettistaki í þessum efnunum. Á árinu 2015 voru settar inn 103 fréttir svo og mikill fjöldi af öðrum færslum svo sem fundargerðir, reglugerðir, mótaskrár ofl. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu sem mikil umferð er um. Gry hefur einnig umsjón með gagnabanka KRAFT og skráningu úrslita og Klaus Jensen hefur tækniumsjón með síðunni og hefur boðið okkur upp á fría vistun undanfarin ár.

Flickr ljósmyndasíða á slóðinni <http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> er uppfærð reglulega eftir mót. Sambandið á því verulegt ljósmyndasafn sem aðgengilegt er fyrir alla en ávallt skal leita samþykkis höfundar fyrir notkun mynda úr safninu og ávallt skal geta höfundar.

Styrkjamál

Aftekssjóður úthlutaði til KRAFT í desember sl. samtals kr. 5.750.000. Af 28 sérsamböndum sem úthlutun fengu vorum við það 9. í röðinni hvað varðar upphæð. Einnig má geta þess að við fengum hæsta styrk allra sérsambanda sem ekki eru ólympíugrein. Styrkveitinging nam kr. 900.000 pr. mann vegna íþróttalegs kostnaðar Auðunnis Jónssonar, Fanneyjar Hauksdóttur og Viktors Samúelssonar. Hún nam kr 1.650.000 vegna íþróttalegs kostnaðar Júlíans J.K. Jóhannssonar svo og kr. 1.200.000 vegna landsliðsverkefna. Frábær árangur og viðurkenning fyrir okkur öll.

Mjög mikilvægt er að við öll hugum nú vel að öflun frekari styrkja, fáum stuðningsaðili til liðs við okkur og aukum þekkingu á því sjóðakerfi sem sambandið, félögin og einstakir félagar geta og eiga rétt á að fá úthlutað úr. Nú þegar greinin er orðin svo fjölmenn og vel kynnt á þetta starf að verða auðveldara. Við erum komin með vöru til að selja. Þetta er árangur mikils á óeigingjarfs þeirra sem hér inni sitja og annarra.

Aftekstfólk – Kraftlyftingakona og kraftlyftingakarl ársins

Á fundi sínum þann 19. ágúst sl. haust samþykkti stjórn KRAFT reglugerð um val á kraftlyftingamanni ársins. Stjórnin valdi síðan skv. reglunum þau Fanney Hauksdóttur og Viktor Samúelsson sem kraftlyftingakonu og kraftlyftingakarl ársins í desember.

Við óskum þeim Fanneyju og Viktori til hamingju.

Fanney komst síðan í hóp 10 efstu í tilnefningu íþróttafréttamanna og hafnaði í 5. sæti að lokum.

Það er til marks hversu vel okkar fólk hefur gengið að um þessi áramót var kraftlyftingafólk kjörið íþróttamaður ársins í fjórum stórum bæjarfélögum. Fanney á Seltjarnarnesi, Viktor á Akureyri, Júlían J.K. Jóhannsson í Reykjavík og Dagfinnur Ari Normann í Garðabæ. Þetta er frábær árangur.

Erlend samskipti

Að venju sóttu fulltrúar KRAFT ársþing EPF og IPF. Þetta er sjötta árið sem við sendum fulltrúa á þessi þing. Eins og áður hefur komið fram tekst með þátttöku og viðkyrningu við forráðamenn kraftlyftinga á alþjóðavettvangi að mynda mjög sterk og persónuleg tengsl. Mál þróuðust þannig á ársþingi IPF sem haldið var í Luxembourg í nóvember að formaður KRAFT Sigurjón Pétursson var kjörinn varaforseti IPF svo og formaður Lyfjanefndar IPF. Ritari KRAFT situr í kvennanefnd IPF. Hér er um mikla virðingu fyrir okkur öll sem störfum að íslenskum kraftlyftingum. Okkur er sýnt mikið traust með þessari skipan mála. Ísland er því komið með mann í næst æðstu stöðu í kraftlyftingaheiminum.

Landsliðsmál – Aftekststefna

Landsliðsnefnd undir forystu Sturlu Ólafssonar vann mikið og gott starf á árinu. Í upphafi ársins var gerð heildstæð og ítarleg áætlun fyrir þátttöku í öllum erlendum mótum ársins. Áætlunin var síðan lögð fyrir stjórn til samþykktar. Í kjölfarið var síðan gengið frá endurskoðuðum samningum við alla landsliðsmenn.

Aftekststefna KRAFT var mörkuð á árinu 2012 fyrir tímabilið 2012-2015. Á formannafundi í maí og síðan aftur í september fór fram ítarlega endurskoðun á stefnunni og hún mótuð fyrir tímabilið 2016-2020. Rétt er að geta þess að þótt

stefnan hafi nú verið mótuð fyrir næstu fimm ár þarf hún samt sem áður að vera í sífelldri endurskoðun. Endurbætur er ekki einungis hægt að gera á tímabilinu heldur er eitthvað að ef við gerum ekki einhverjar.

Landsliðsþjálfarinn okkar Grétar Hrafnsson lagði fram mikla og óeigingjarna vinnu á árinu. M.a. var hann fjarri sínu heimili á vegum sambandsins á erlendum vettvangi yfir tvo mánuði við að aðstoða íslenska þátttakendur á erlendum mótum. Hann er ávallt reiðubúinn til að hjálpa til við óteljandi snúninga sem fylgja rekstrinu og ber að þakka honum allan þann tíma sem hann hefur lagt fram sem eru langt umfram hans samningsskyldur.

Fræðslumál

Við verðum að styrkja verulega alla fræðslu og hlúa betur að ungu og efnilegu kraftlyftingafólki. Fjárhagsáætlunin fyrir 2016 tekur mið af þessum sjónarmiðum en þar er gert ráð fyrir kr. 1.000.000 í þessi mál ásamt lyfjamálum. Varðandi þjálfaramál er það að segja að mjög mikilvægt er að hvert félag sé með sinn eigin félagsþjálfara sem vinni að þjálfun heima í félaginu. Einnig teljum við mjög mikilvægt að hvert félag komi sér upp eigin þjálfunaraðstöðu sem það hefur algjör yfirráð yfir og eftirlit með. Þannig geta þjálfarar haft náð eftirlit m.a. með lyfjamálum. Rétt er að ítreka að hvert félag ber ábyrgð á sínu fólki. Það er hlutverk forráðamanna félaganna og skylda að tryggja að félagsmenn geti þjálfað sig í öruggu umhverfi þar sem fullt og ótakmarkað aðgengi lyfjaeftirlitsins er til staðar.

Dómaramál

Dómaranefnd undir forystu Helga Haukssonar vann vel á árinu. Nefndin sér m.a. um menntun nýrra dómara og fjölgaði þeim á árinu. Sturlaugur A. Gunnarsson öðlaðist alþjóðleg dómaraéttindi. Við þurfum að bæta við fleiri alþjóðlegum dómurum. Skv. lögum EPF og IPF ber okkur skylda til að leggja til dómara ef keppendur frá Íslandi eru fleiri en 4. Okkur vantar konur hóp íslenskra alþjóðadómara. Nú nýlega bættust síðan 5 nýir dómara í hóp íslenskra kraftlyftingadómara.

Lyfjamál

Lyfjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Til upprifjunar voru það jú lyfjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og KRAFT var stofnað. Rétt er að taka fram að lyfjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum umfram aðrar íþróttagreinar. Langt frá því. Lyfjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum alls staðar í íþróttahéiminum. Mjög alvarlegir misbrestir hafa verið að koma í ljós á árinu sem var að líða og vil ég benda ykkur öllum á að kynna ykkur tvær skýrslur sem sjálfstæð og óháð rannsóknarnefnd WADA lagði fram í október 2015 og nú í janúar 2016. Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi **13** lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið **2015**. Sýni voru tekin af **8** körlum og **5** konum, **2** próf voru tekin í keppni, **11** utan keppni. Lyfjaeftirlitið fékk í hendur í upphafi ársins lista yfir alla landsliðsmenn, hvenær þeir munu taka þátt í mótum erlendis, æfingastaði, æfingatíma og nafn þjálfara. Samið hefur verið við eftirlitið að það prófi hvern einasta landsliðsmanna einhvern tíma á sex mánaða tímabili fyrir keppni.

Á HM í nóvember 2014 sem haldið var í Denver, USA var Sigfús Fossdal sem þar keppti fyrir Íslands hönd tekinn í lyfjapróf. Um mánaðarmótin

nóvember/desember 2014 kom í ljós að niðurstaða greiningar var jákvæð og því um fall á lyfjaprófi að ræða. Sigfús óskaði eftir að B-sýni væri einnig greint en sú greining leiddi til sömu niðurstöðu. Málið fór því fyrir lyfjadómstól IPF og var niðurstaða hans tveggja ára keppnisbann. Sigfús áfrýjaði málinu til CAS Alþjóða áfrýjunardómstóls íþróttamála í Lausanne í Sviss. Niðurstaða CAS var samhljóma niðurstöðu IPF og tveggja ára keppnisbann staðreynd. Sigfús tapaði því öllum sínum titilum og metum og varð að greiða háar sektir til IPF og endurgreiða styrki þá sem hann hafði þegið úr hendi KRAFT. Málið fékk nokkra umfjöllun í fjölmiðlum sem var ekki gott.

Reglugerðir og endurskoðun laga KRAFT

Á árinu var fjöldi reglugerða endurskoðaðar og/eða samþykktar af stjórn KRAFT.

1. Nýjar keppnisreglur IPF og búnaðarreglur IPF voru gefnar út í janúar 2015. Við vorum fyrsta samband innan IPF sem gaf út endurskoðaðar reglur og vil ég þakka Helga Haukssyni fyrir hans snöggu viðbrögð og góð vinnubrögð.
2. Þann 28. október var gefin út ný og endurskoðuð reglugerð um kraftlyftingakeppnir. Þessa reglugerð er sífellt verið að endurbæta eftir því sem reynsla segir til um.
3. Þann 19. ágúst var gefin út reglugerð um skráningu Íslandsmeta.
4. Þann 28. október var gefin út reglugerð um liðakeppnir.
5. Þann 19. ágúst var gefin út reglugerð um val á kraftlyftingamanni ársins.
6. Þann 19. ágúst var gefin út reglugerð um heiðursviðurkenningar.
7. Þann 28. október var gefin út reglugerð um Þjálfararáð.
8. Þann 22. apríl var gefin út reglugerð um formannafund.
9. Þann 30. september var gefin út reglugerð um val í landslið.
10. Þann 30. september voru gefnar út ferðareglur KRAFT.

Tvær aðrar reglugerðir hafa verið til umræðu en ekki verið samþykktar í stjórn og bíða því nýrrar stjórnar en það eru reglur um hegðunarviðmið KRAFT og siðareglur KRAFT. Enn fremur hefur verið til umræðu hugmynd um stofnun Dómarafélag kraftlyftingadómara.

Nú eru sex ár síðan sett voru lög fyrir KRAFT og nokkur reynsla því komin á lögin. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram hvað varðar endurskoðun og breytingar á lögnum og var veruleg vinna lögð í frumvarp að nýjum endurskoðuðum lögum fyrir sambandið. Þeirri vinnu er ekki lokið og bíður það verkefni nýrrar stjórnar.

Skrifstofa

Eins og áður hefur komið fram þá hefur sambandið opnað skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Umfang starfseminnar er orðið það mikið að nauðsynlegt er nú að huga að starfskrafti í hluta starf til að sjá um daglegan rekstur og bókhald sambandsins. Vinnuálag á suma stjórnarmenn er meira en góðu hófi gegnir og ekki er hægt er að fara fram á slíkt við sjálfboðaliða til langframa. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kr. 3.000.000 til þessa þáttar í starfseminni á árinu 2016.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum

og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Kári Rafn Karlsson hefur haldið vel utan um fjármálin eins og hingað til. Starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er mjög viðamikill þáttur umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá Afreksmannasjóði. Allt hefur þetta farið Kára Rafni vel úr hendi og eru honum þökkun hans störf. Enn fremur hefur Kári Rafn lagt fram mikla vinnu í landsliðsnefndinni varðandi lágmarkaútreikninga ofl. svo og hefur hann haft veg og vanda af uppsetningu, rekstri og kennslu v. Goodlift kerfisins.

Litið um öxl og fram á veginn

Nú eru liðin sex ár frá stofnun KRAFT. Það var í nóvember 2008 sem nokkrir aðilar úr röðum kraftlyftingamanna komu að máli við mig um að hafa forystu um boðun aukabings gamla kraftlyftingasambandsins þar sem samþykkt yrði að leggja sambandið niður og hefja samninga við ÍSÍ um stofnun nýs sambands innan vébanda ÍSÍ og innan lyfjalögsögunnar. Það gekk eftir. Á vormánuðum 2009 stofnaði ÍSÍ kraftlyftinganevnd sem er undanfari stofnunar sambands. Ári seinna 15. apríl 2010 var síðan Kraftlyftingasamband Íslands formlega stofnað. Það hefur verið gríðarlega ánægjulegt fyrir mig að fá að starfa við þróun og stjórnun sambandsins þessi sex ár. Mjög margt hefur áunnist svo sem sjá má af lestri þessarar skýrslu. Okkur hefur tekist að breyta gjörsamlega ímynd íþróttarinnar út á við. Samhugur og samstaða hefur yfirleitt verið með ágætum. Öll erum við sammála um markmiðin en fleiri en ein leið liggur oft á tíðum að markmiði. Á stundum þarf að ræða slíkt leiðarval. Það samtal er mikilvægt og því þarf ávallt að ljúka með sameiginlegri niðurstöðu þannig að samstaðan sé órofin. Það sem við þurfum síst á að halda er að ósamstaða og ófriður ríki meðal okkar. Og ekki lítur það vel út ef slíkt berst út fyrir hreyfinguna. Höfum hugfast að ófriður og ósamstaða olli því að kraftlyftingamenn voru utangarðsmenn í á þriðja áratug vegna þess að menn gátu ekki hamið sig og sýnt af sér samfélagslegan þroska. Tölum saman. Stöndum saman. Vinnum saman.

Að lokum

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Fjárhagur sambandsins er góður, lausafjárstaðan er góð og sambandið er ekki skuldsett. Á árinu námu tekjur rúmum 13 milljónum króna. Aldrei áður í sögu íslenskra kraftlyftinga höfum við geta styrkt jafn marga keppendur til farar á erlend mót eins og á árinu sem var að líða. Við þurfum hins vegar að auka tekur sambandsins. Verkefninu er alls ekki lokið.

Áhersluatriðin eru m.a.

1. lyfjamál
2. menntun og fræðsla
3. hlúa betur að og fjölga yngri iðkendum
4. ný afreksstefna
5. Fjölgun þjálfara og styrking á menntun þeirra
6. starfsmaður

Ég hef setið í mörgun góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og reynslu að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er áhuginn á framgangi kraftlyftinga. Það er málið.

Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég gott hljóð og traustið.

Hafnarfirði, 10. mars 2016

Sigurjón Pétursson